29. ágúst 2008

Framsetning árshlutareiknings ICEQ verðbréfasjóðs er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

**Afkoma ICEQ verðbréfasjóðs á tímabilinu 1. janúar-30. júní 2008**

- Tap varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu að fjárhæð 1.001 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi og er tapið fært til lækkunar á hlutdeildarskírteinum ICEQ verðbréfasjóðs.
- Eigið fé sjóðsins nam í lok júní 1.320 m.kr. skv. efnahagsreikningi.
- Árshlutareikningurinn var kannaður af KPMG hf. sem telur að við könnun sína hafi ekkert komið fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2008 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

**ICEQ verðbréfasjóður**
**Lykiltölur í m.kr.**

| Tímabil | 01/01/08-30/06/08 | 01/01/07 - 30/06/07 | 01/01/06 - 30/06/06 | 01/01/05 - 30/06/05 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (Tap) tímabils færður á hlutdeildarskírteini | (1.001) | 1.622 | (43) | 365 |

| Dagsetning | 30/06/08 | 30/06/07 | 30/06/06 | 30/06/05 |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé | 1.320 | 6.533 | 1.640 | 869 |

Eigið fé Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., sem er rekstraraðili ICEQ verðbréfasjóðs nam þann 30. júní 2008 3.532 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er 59,7% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er dótturfélag Kaupþings banka hf. og hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Hægt verður að nálgast árshlutareikning sjóðsins frá og með deginum í dag hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning ICEQ verðbréfasjóðs veitir Sigþór Jónsson sjóðstjóri í síma 444 6000.